

Ed.

561. Lög

um breyting á lögum nr. 67, 14. nóv. 1917, um bæjarstjórn Ísafjarðar.

(Afgreidd frá Ed. 10. maí).

1. gr.

21. gr. orðist svo:

Aukaniðurjöfnun skal fram fara í síðari hluta júnimánaðar og skattur þá lagður á þá, sem flutst hafa til bæjarins eftir að aðalniðurjöfnun fór fram og skattskyldir eru samkvæmt því er áður segir.

Enn fremur getur bæjarstjórn ákveðið niðurjöfnun samkv. 19. gr. 2. málsg., og skal sá skattur á fallinn þann dag, sem niðurjöfnunin er undirrituð af niðurjöfnunarnefnd.

Aukaniðurjöfnun skal lögð fram til sýnis vikutíma, á sama hátt og fyr greinir, og frestir allir vera hálfu skemri en við aðalniðurjöfnun.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað.